

Aðalfundur Markaðsstofu Norðurlands

kl. 10:00 fimmtudaginn 19. maí 2022 – Hótel Kea og Zoom fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Álfhildur Leifsdóttir, Guðmundur Þór Birgisson, Hilda Jana Gísladóttir, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Steinunn Heba Finnsdóttir, Örn Arnarson, Tómas Árdal varamaður og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri, Halldór Óli Kjartansson, Hjalti Páll Þórarinsson, Katrín Harðardóttir og Auður Ingólfssdóttir.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Formaður bar fram tillögu um Halldór Óla Kjartansson sem fundarstjóra. Tillagan samþykkt.

Formaður kynnti tillögu um Hjalta Pál Þórarinsson sem fundarritara. Tillagan samþykkt.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Fundarstjóri greindi frá því að fundurinn er tekinn upp og fór yfir verklag á fundinum. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins og þar sem allir stjórnarmenn eru mættir á fundinn telst hann löglegur.

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf formanni stjórnar orðið, sem ávarpaði fundinn. Formaður lýsti áskorunum ársins 2021 og hrósaði starfsfólki MN fyrir góð störf og mikla aðlögunarhæfni á síbreytilegum tímum. Formaður fór svo yfir helstu verkefni MN á síðasta starfsári.

Formaður þakkaði jafnframt stjórn, framkvæmdastjóra og starfsfólki fyrir gott samstarf.

Í kjölfarið var sýnt myndband frá starfi MN á síðasta ári.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

2. Afgreiðsla ársreiknings

Framkvæmdastjóri lagði fram samþykktan og undirritaðan ársreikning MN 2021 til kynningar og fór yfir einstaka liði hans.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar

Framkvæmdastjóri kynnti samþykktu fjárhagsáætlun MN fyrir árið 2022.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

4. Stjórnarkjör

Fundarstjóri gerði grein fyrir kjöri stjórnar. Að þessu sinni stóð kjörið um 3 sæti í stjórn, 2 sæti á Norðurlandi eystra og 1 á Norðurlandi vestra. Fráfarandi stjórnarmenn buðu sig allir fram aftur, en það voru Sigrún Huld Sigmundsdóttir hjá Icelandair Hotels og Steinunn Heba Finnsdóttir hjá Strikinu á Norðurlandi eystra og Örn Arnarson hjá Hótel Laugarbakka á Norðurlandi vestra. Engin önnur framboð bárust og því var sjálfkjörið í stjórn að þessu sinni.

Fyrir í stjórn sitja Viggó Jónsson hjá Drangeyjarferðum á Norðurland vestra, sem einnig er formaður stjórnar og Guðmundur Þór Birgisson hjá Jarðböðunum á Norðurlandi eystra.

Tveir fulltrúar í varastjórn eru kjörnir á hverju ári. Sitjandi fulltrúar buðu sig fram aftur og þar sem ekki bárust önnur framboð voru þeir sjálfkjörnir. Í Varastjórn sitja því áfram Tómas Árdal hjá Arctic Hotels á Norðurlandi vestra og Þorbjörg Jóhannsdóttir hjá Höldi á Norðurlandi eystra.

Samkvæmt skipulagsskrá eru tvö sæti stjórnar skipuð af landshlutasamtökunum SSNE og SSNV. Þeir fulltrúar sitja áfram þar til þeirra umboð er endurnýjað eða nýir fulltrúar skipaðir í þeirra stað. Hilda Jana Gísladóttir situr fyrir hönd SSNE og Álfhildur Leifsdóttir fyrir SSNV.

5. Kjör endurskoðenda

Stjórn hefur samþykkt að halda endurskoðun óbreyttri í höndum KPMG.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

6. Starfshættir stjórnar

Engar breytingar á starfsreglum stjórnar.

7. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Framkvæmdastjóri greindi frá því að Norðurland eystra fékk einungis 2 af 31 umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða samþykktar. Norðurland vestra fékk einnig fáar umsóknir samþykktar samanborið við aðra landshluta.

Aðalfundur Markaðsstofu Norðurlands lýsir yfir óánægju með hlut Norðurlands í fjármögnun til uppbyggingar ferðamannastaða sem endurspeglast í úthlutunum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og nýlegri fjármögnun á Vörðum – fyrirmyndaráfangastöðum, sem einnig sniðgengu Norðurland.

Formaður sagði ánægjulegt að sjá á myndbandinu sem sýnt var á fundinum hversu fjölbreytt og öflugt starf MN er. Hann þakkaði starfsfólki fyrir gott starf og að missa ekki móðinn þrátt fyrir mótlæti.

Ekki kváðu fleiri sér hljóðs.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn og gaf að því búnu formanni orðið.

Formaður þakkaði stjórnarfólki gott samstarf síðastliðið ár og óskaði stjórnarmönnum til hamingju með kjörið. Formaður þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn og sleit fundi kl. 10:40.

Fundarritari: Hjalti Páll Þórarinsson